

49. fundur Skipulags- og bygginganefndar Eyja- og Miklaholtshrepps

FUNDARGERÐ

2. október 2025

Breiðabliki kl. 13:00

Mætt eru: Pröstur Aðalbjarnarson formaður, Atli Sveinn Svansson, Guðbjörg Gunnarsdóttir.

Hlynur T. Torfason (skipulagsfulltrúi), Atli Örn Hafsteinsson og Sigurjón B. Bjarnason (byggingarfulltrúi) tengdust fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Mál á dagskrá:

1. **Miðhraun II, Iðnaðarsvæði I-4** - Óveruleg breyting á Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2018-2038.

Lagt fram erindi Bryndísar Guðmundsdóttur fh. Félagsbúsins Miðhraun II, með ósk um óverulega breytingu á Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2018-2038. Erindinu fylgir tillaga að breytingu aðalskipulags, greinargerð með breytingarupprætti (Arkís) dags. 11. apríl 2025

Í aðalskipulagsbreytingunni felst að fláki I-4 iðnaðarsvæði er breytt í athafnasvæði AT-4. Skilmálar fyrir aðliggjandi verslunar- og þjónustusvæði Miðhrauns II (VP-13) eru samræmdir þeirri breytingu sem verður á skilgreiningu iðnaðarsvæðis sem breytist á athafnasvæði.

Skipulags- og byggingarnefnd telur breytingartillöguna falla undir málsmeðferð um óverulega breytingu aðalskipulags skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem landnotkunarbreyting tekur til lítils svæðis á bæjarhlaði Miðhrauns II og hefur ekki áhrif á aðra hagsmunaaðila en umsækjanda. Umhverfisáhrif breytingar eru óveruleg en fremur jákvæð þar sem athafnasvæði er ekki ætlað fyrir atvinnustarfsemi sem líkleg er til að hafa neikvæð áhrif á umhverfið.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir framlagða tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2018-2038.

2. **Óveruleg breyting á deiliskipulagi Miðhrauns II – ný lóð (lóð 6)**

Lagt er fram erindi erindi Bryndísar Guðmundsdóttur fh. Félagsbúsins Miðhraun II, með ósk um óverulega breytingu á deiliskipulagi Miðhrauns II. Erindinu fylgir tillaga að breytingu deiliskipulags, uppráttur með greinargerð (Arkís), dags. 11. apríl 2025.

Breytingartillagan felst í að afmarka nýja lóð, lóð 6, fyrir náttúrulega baðlaug og aðstöðu. Breytingin er í samræmi við á Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2018-2038, sbr. aðalskipulagsbreytingu staðfesta 24. mars 2021.

Breytingartillagan fellur undir málsmeðferð um óverulega breytingu deiliskipulags skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjandans og sveitarfélagsins og því er fallið frá grenndarkynningu sbr. heimild í 3. mgr. 44. gr. laganna um grenndarkynningu.

Skipulags- og byggingarnefnd frestar afgreiðslu erindisins og felur skipulagsfulltrúa að afla frekari upplýsinga um jarðamörk Miðhrauns II.

3. Stór-Krókur 3 – umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir 37,3 m² húsi á lóðinni Stóra-Krók 3. Á svæðinu er í gildi deiliskipulag og umsókninni samrýmist skilmálum þess.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir umsóknina og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi.

4. Litli-Lækur (L240031) – umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi á einni hæð með geymslulofti í hluta hússins á útskiptri spildu, Litla-Læk, úr landi Stóra-Skógarness. Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðinu. Umsóknin samrýmist ákvæðum gildandi aðalskipulags.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir umsóknina og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi.

Fleiri mál voru ekki til afgreiðslu og fundi slitið.

Undirritunarsíða

Atli Sveinn Svansson

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Þróstur Aðalbjarnarson

Hlynur Torfi Torfason

Atli Örn Hafsteinsson

Sigurjón Bjarni Bjarnason